



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Fjárlaganefnd
Njáll Trausti Friðbertsson, formaður
Alþingishúsinu

8. október 2024

Efni: Umsögn um fjárlagafrumvarp 2025

Vísað er til tölvupósts, dags. 17. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn embættis ríkislögreglustjóra um frumvarp til fjárlaga 2025. Embættið hefur átt í góðu samstarfi við dómsmálaráðuneytið við vinnslu fjárlagafrumvarps 2025 en þakkar fyrir beiðni fjárlaganefndar og tækifærið til að koma að sérstakri umsögn um þingmálið.

Í umsögn ríkislögreglustjóra við fjármálaáætlun árána 2025-2029 lagði embættið megináherslu á eftirfarandi vegna lögreglunnar:

- Ráðstafanir verði gerðar til þess að tryggja áframhaldandi fjölgun nemenda í lögreglufræðum á tímabilinu.
- Fjárveiting til lögreglunnar í heild sinni verði aukin á tímabilinu til þess að mæta þeim tæknilegu og samfélagslegu áskorunum sem fram undan eru.
- Tryggt að fjármögnuð verði verkefni á landamærum.
- Hafin verði uppbygging á húsnæði fyrir lögreglu og aðra viðbragðaðila með skilvirkni og samþættingu að leiðarljósi.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 25.599,1 milljónum króna til málaflokksins *lögreglan* eða 3,7% aukningu frá fyrra ári. Lögreglan var undanskilin aðhaldskröfu út tímabil fjármálaáætlunar 2025-2029 en var að litlu leyti komið til móts við mjög svo breytt starfsumhverfi og krefjandi aðstæður löggæslunnar undanfarin ár. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir fjárheimildum til embættis ríkislögreglustjóra upp á 4.553,6 m.kr., þar af framlög úr ríkissjóði 3.667,2 m.kr. og rekstrartekjum 886,2 m.kr.

Eftirfarandi er yfirlit yfir mikilvæg verkefni sem embættið telur brýnt að vekja athygli á við afgreiðslu frumvarpsins:

Almannavarnir

Jarðhræingar á Reykjanesi og aukin hætta á annarri vá hafa sýnt brýna nauðsyn þess að efla viðbragðsáætlanir um land allt. Til skoðunar er að fela almannavarnadeild ríkislögreglustjóra að halda utan um stöðu neyðarbirgða í landinu. Til að mæta framangreindum áskorunum og verkefnum var í fjármálaætlun gert ráð fyrir 145 m.kr. til styrkingar almannavörnum sem varanleg viðbót. Ekki er hins vegar getið um fjárveitinguna í frumvarpi til fjárlaga 2025 og er þess farið á leit við fjárlaganefnd að fjárveitingin komi inn sem hluti af breytingartillögum við 2. umræðu frumvarpsins.

Alvarlegra ofbeldi og önnur afbrot

Síbreytilegt öryggisumhverfi krefst þess að lögregla haldi vöku sinni gagnvart mögulegum aðgerðum einstaklinga, hópa, samtaka eða þjóðríkja er kunna að skaða stjórnskipun eða stjórnmalalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður samfélagsins. Má þar nefna að rannsóknir lögreglu og eftirlit til að daga úr brotastarfsemi hefur þungst verulega. Áhætta vegna skipulagðrar brotastarfsemi á Íslandi telst mjög mikil samkvæmt skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra. Þar kemur einnig fram



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

að aukin notkun brotahópa á stafrænni tækni eykur álag á ýmsum sviðum löggæslunnar.¹ Nauðsynlegt er að efla viðbragðs- og greiningargetu lögreglunnar til að tryggja að sérsveit geti mætt alvarlegum vopnaútköllum þ.m.t. með kaupum á búnaði og endurnýjun á bifreiðum og greiningardeild ríkislögreglustjóra með ásætlanlegum hætti. Áætlaður kostnaður við slíkt er 439,75 m.kr. árið 2025.

Fjölgun alvarlegra líkamsárása er verulegt áhyggjuefni, og ekki hvað síst ungur aldur sumra gerenda í slíkum málum.² Mikilvægt að halda áfram að vinna gegn heimilisofbeldi, kynferðisbrotum og kynbundnu ofbeldi. Lykilþáttur í því verður boðað frumvarp félags- og vinnuarkaðsráðherra um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga vegna stuðnings og verndar fyrir þolendur ofbeldis og meðferðarúrræði fyrir gerendur, en fyrirhugað er að leggja það fram í mars skv. þingmálaskrá.³ Ríkislögreglustjóri hefur lagt áherslu á afbrotavarnir, þ.m.t. fjölgun samfélagslögreglumanna⁴, aukinn sýnileika í löggæslu, vitundarvakningu, svæðisbundið samráð með lykilaðilum auk meiri eftirfylgni við brot til að bregðast við þungum áhyggjum samfélagsins af auknu ofbeldi meðal og gegn börnum og ungmennum. Jafnframt þarf að efla velferðarþjónustu við börn og ungmenni. Hafa stjórnvöld kynnt að samstaða er um þær tillögur og fjármögnun þeirra.⁵

Ríkislögreglustjóri vekur einnig athygli á erfiðri stöðu einstaklinga með fjölþættan vanda, sem taldir eru þurfa á öryggisráðstöfunum að halda þar sem þeir eru metnir hættulegir sjálfum sér eða öðrum. Mjög brýnt er að tryggja þessum einstaklingum nauðsynlega þjónustu, vernd og stuðning. Visast þar meðal annars til skýrslu um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk.⁶

Öryggi ædstu stjórnar

Lögreglan sinnir mikilvægum verkefnum sem hafa það að markmiði að efla öryggi ædstu stjórnar ríkisins skv. b-lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga, sbr. og 21. gr. reglugerðar um starfsemi, hlutverk og ábyrgð embættis ríkislögreglustjóra nr. 325/2021. Á þeim grundvelli fékk ríkislögreglustjóri sérstaka fjárveitingu á síðustu fjárlögum til að sinna löggæslu á Alþingi og var þjónustusamningur þess efnis undirritaður af skrifstofustjóra Alþingis og ríkislögreglustjóra. Er gert ráð fyrir því í samningnum að hann falli sjálfkrafa úr gildi ef ekki sé gert ráð fyrir honum í fjárveitingum til embættisins á fjárlögum. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2025 er ekki gert ráð fyrir fjárheimild til öryggisgæslu lögreglumanna á Alþingi. Frá því að átökin á Gaza hófust í október á síðasta ári hefur einnig þurft að auka verulega við öryggisgæslu ædstu stjórnar Íslands. Mótæmum hefur fjölgað og hótanir og áreiti gagnvart fulltrúm ædstu stjórnar landsins hafa einnig aukist. Þá hefur orðið töluverð aukning í fyrirvaralausum heimsóknum erlendra gesta til landsins bæði í einkaerindum og í boði íslenskra stjórnvalda sem hafa kallað á umtalsverða öryggisgæslu.

¹ Ríkislögreglustjóri (2021). Skipulögð brotastarfsemi 2021 - Mat greiningardeildar ríkislögreglustjóra á skipulagðri brotastarfsemi á Íslandi. Sótt af <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2022/02/Skipulogd-brotastarfsemi-a-Islandi-2021.pdf>

² Ríkislögreglustjóri (2024). Ofbeldi barna – Staðan og áskoranir. Sótt af <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2024/06/Ofbeldi-ungmenna-lokautgafa.pdf>

³ Stjórnarráð Íslands (e.d.) Þingmálaskrá 155. Löggjafarþings 2024-2025. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/thingmalaskra/>

⁴ Lögreglan (2024). Forvarnir og fræðsla. Samfélagslöggæsla. Sótt af <https://www.logreglan.is/fraedsla/samfelagsloggaela/>

⁵ Stjórnarráðið (2024). Samstaða um auknar aðgerðir vegna ofbeldis meðal barna og ungmenna. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/09/11/Samstada-um-auknar-adgerdir-vegna-ofbeldis-medal-barna-og-gegn-bornum/>

⁶ Stjórnarráðið (2024). Kostnaðar- og ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk. Áfangaskýrsla II Tillögur starfshóps. Sótt af https://stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Kostnadar_og_abyrgdarskipting_rikis_og_sveitarfelaga_i_malefnum_fatlads_folks_afangaskyrsla_II.pdf



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Er það mat embættisins að nauðsynlegt er að gera ráð fyrir áframhaldandi öryggisgæslu á vegum embættisins í þinghúsinu og gagnvart æðstu stjórn. Er þess farið á leit við fjárlaganefnd að embætti ríkislögreglustjóra fái fjárveitingu til að sinna þessum mikilvægu verkefnum, eða 165 m.kr.

Brottvísanir þeirra sem hafa fengið endanlega synjun umsóknar um alþjóðlega vernd

Miklar breytingar hafa orðið á umsóknum um alþjóðlega vernd og brottflutningi einstaklinga sem ekki hafa heimild til að dvalar í landinu. Útlendingastofnun í samvinnu við heimfarar- og fylgdardeild ríkislögreglustjóra voru efldar til að sinna framkvæmd brottflutninga og endursendinga. Þetta er um 70% aukning, miðað við allt árið 2023.⁷ Gerð var breyting á lögreglulögum í þá veru að hlutverk lögreglunnar við brottvísun eða frávísun frá landinu varð gerð að lögbundnu verkefni lögreglu, sbr. lög nr. 14/2023. Tók ríkislögreglustjóri meðal annars við rekstri gistiúrræðis fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd af Vinnumálastofnun í Bæjarhrauni í Hafnarfirði. Er úrræðið nú einungis fyrir þá útlendinga sem hlotið hafa endanlega synjun um umsókn. Fjárheimildir sem fluttar voru til embættisins frá Vinnumálastofnun vegna verkefnisins námu um 200 m.kr. en voru tímabundnar og er ekki gert ráð fyrir þeim á fjárlögum 2025. Áætlaður kostnaður árið 2025 er 250 m.kr.

Gæðastjóri lögreglunnar

Með breytingu á lögreglulögum á síðasta löggjafarþingi, sbr. lög nr. 95/2024, á að stofna sérstakt embætti gæðastjóra lögreglu. Gæðastjóri lögreglu skal vera sjálfstæður í störfum sínum og er skipaður af ráðherra. Þá lýtur hann reglum sem gilda um embættismenn skv. lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Gert er ráð fyrir að gæðastjóri hefji störf um næstu áramót og veiti forstöðu sérstakri miðlægrri einingu innan embættis ríkislögreglustjóra. Í samræmi við hlutverk hans er m.a. gert ráð fyrir að eftirlitið muni felast í úttektum á uppflettingum í gagnagrunnum lögreglu, vettvangseftirliti, athugunum á því hvort lögregla hafi starfað í samræmi við lög og verklagsreglur ásamt öðrum aðgerðum sem eru til þess fallnar að ná þeim markmiðum sem lögregla vinnur að lögum samkvæmt. Áætlaður árlegur kostnaður vegna embættis gæðastjóra lögreglu er 68,5 m.kr. Tryggja þarf varanlega fjárveitingu til embættis ríkislögreglustjóra fyrir kostnaðinum á fjárlögum.

Sálfræðiþjónusta lögreglunnar

Síðustu ár hefur kostnaður vegna sálfræðiþjónustu lögreglumanna og annars starfsfólks lögregluembættis aukist töluvert en ríkislögreglustjóri hefur staðið skil á greiðslu kostnaðar vegna sálfræðiþjónustu lögregluembættis á landsvísi. Á síðasta ári var kostnaðurinn um 42. m.kr. Á þessu ári stefnir kostnaðurinn í um 55 m.kr. Kostnaðaraukninguna má skoða í samhengi við álag og aukningu í alvarlegum brotum sem lögreglan fæst við á degi hverjum. Mikilvægt er að hlúa vel að starfsfólki sem sinnir löggæslustörfum og andlegri heilsu þess, ekki síst til að minnka líkur á brottfalli úr starfsgreininni. Tryggja þarf viðunandi fjármagn í rekstri embættisins fyrir greiðslu á sálfræðiþjónustu lögreglumanna og annars starfsfólks sem fæst við krefjandi aðstæður og erfið mál af ýmsum toga í sínum störfum. Er þess farið á leit að embættinu verði fengin varanleg árleg fjárveiting að fjárhæð 20 m.kr. til að standa straum af kostnaðinum á landsvísi.

Skotfærabirgðir lögreglu

Það er mat embættis ríkislögreglustjóra að brýnt sé að tryggja skotfærabirgðir til lágmarks þjálfunar og viðbragðs í landinu fyrir sérsveit og lögreglu. Vegna þess ástands sem ríkir í alþjóðamálum er ljóst að tíma- og fjárfrekara getur verið að nálgast vörur, þ.m.t. skotfæri, en oft áður og því meiri ástæða að tryggja lágmarksaðgengi að skotfærum og/eða gera samninga þar um svo hægt sé að viðhalda þjálfun og tryggja viðbúnað. Slíkt yrði unnið í samstarfi við hin Norðurlöndin. Embættið áætlar að auka þurfi

⁷ Stjórnarráðið (2024). Staða verndarmála og brottflutnings. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/09/23/Stada-verndarmala-og-brottflutnings/>



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

fjárveitingar til að tryggja nauðsynlegar vopnabirgðir og íhluti lögreglu, þ.m.t. sérsveitar um 62, m.kr. árlega og er óskað eftir fjárveitingu að þeirri fjárhæð.

Landamæraeftirlit

Viðfangsefni landamæra á sviði löggæslu eru orðin mjög krefjandi. Álagið verður áfram viðvarandi og skilvirk framkvæmd landamæraeftirlits því í raun ógerleg við þær aðstæður. Getur það leitt af sér aukna öryggisógn. Í niðurstöðuskýrslu Schengen-úttektar sem framkvæmd var á ytri-landamærum Íslands árið 2022, kom fram að veikleikar Íslands í málefnum landamæra megi rekja til viðvarandi skorts á mannafla. Dómsmálaráðherra samþykkti nýlega landsáætlun um samþætta landamærastjórnun til fimm ára, 2024-2028, sem miðar að því að tryggja að landamærastjórnun og framkvæmd landamæravörslu sé örugg og skilvirk og til samræmis við lög, reglugerðir og þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist. Meginmarkmið landsáætlunarinnar er að tryggja allsherjarreglu og almannaöryggi jafnt á ytri sem á innri landamærum Íslands. Áætlunin byggir á grunngildum Schengen samstarfsins og henni er ætlað að styrkja burði íslenskra stjórnvalda til að takast á við margþætt verkefni á sviði landamærastjórnunar. Vinna við kostnaðargreiningu er ólokið en óvarlegt er að áætla að árlegur kostnaður við aðgerðir á tímabili skv. landsáætlunarinnar verði um 2,5 ma.kr. en vinna þarf frekari greiningu á endanlegum kostnaði aðgerða.

Uppbygging tækniinnviða lögreglu

Á undanförunum árum hefur mikilvægi gagna aukist verulega í löggæslu. Er þar vísað til gagna sem aflað er við rannsókn mála, s.s. afritun gagna, myndbandsupptökur, skjöl o.fl. Þá hefur krafa um gagnavinnslugetu aukist verulega, m.a. í tengslum við samstarf við erlendar löggæslu- og landamærastofnanir. Notkun tækni í löggæslu hefur jafnframt aukist, s.s. notkun dróna, búkmyndavéla og aukinna möguleika á að streyma upplýsingum til stjórnstöðvar um atburðarrás á vettvangi. Öll þessi þróun krefst þess að tækniinnviðir lögreglu séu í stöðugri uppbyggingu og þróun.

Huga þarf að stækkun og flutningi gagnavera lögreglu en aukin krafa í alþjóðlegu samstarfi og landamæraeftirliti gerir það nauðsynlegt fyrir lögreglu að færa gagnaverin til og stækka þau. Flutningur og uppbygging nýrra gagnavera er kostnaðarsöm og tímafrek og því mikilvægt að huga að slíku hið fyrsta. Nýtt lífkennakerfi, alþjóðlegir samningar um gagnafærni, haldlagning stórra gagnasafna og aukin krafa um gervigreind gera miklar kröfur til uppbyggingar bæði vélbúnaðar og vinnslugetu.

Vakin er athygli á að ekki er gert ráð fyrir þessari uppbyggingu tækniinnviða lögreglu í fjárheimildum til lögreglu.

Sé óskað eftir því að hálfu fjárlaganefndar eru fulltrúar embættisins reiðubúnir til að mæta á fund nefndarinnar og gera frekari grein fyrir umsögninni.